

Samþætt leitargátt fyrir Ísland – spurningar og svör

Að neðan fara svör Landskerfis bókasafna (LB) við ýmsum fyrirspurnum og ábendingum sem hafa borist varðandi Samþætta leitargátt fyrir Ísland.

21. október 2011

- Röðun bókasafna – (LB) *Röðunin á bókasöfnum undir staðsetning & frátektir hefur verið lagfærð á þann hátt að söfnunum er nú raðað í stafrófsröð.*
- Birting eintaka – (LB) *Vegna villu í Primo var ekki hægt að birta eintök ef raðstafir innihéldu íslenskan staf. Þetta hefur verið lagfært og er nú hægt að skoða öll eintök.*
- Afmörkun við Tónlist – lög og Tónlist – nótur í Ítarleg leit - (LB) *Þetta er gert með því að velja Efnistegund sem Tónlist – lög eða Tónlist - nótur í ítarleitinni.*

Eldra efni

- Hirslan – (LB) *Hirsla, vísinda- og fræðsluefnissafn Landspítalans hefur verið gert leitarbært úr samþættri leitargátt.*
- Afmörkun við tímaritstitil – (LB) *Eftir að leit hefur verið framkvæmd í leitargáttinni er hægt að afmarka leitarniðurstöður við ákveðið tímarit.*
- Útgáfa skilar sér ekki í Primo – (LB) *Búið að laga , útgáfa rits birtist nú í fullri færslu.*
- Það virðist skipta máli hvort maður skrifar ISSN númer með eða án bandstriks í leitarglugga – (LB) *Búið að laga, leit eftir ISSN númeri skilar nú sömu niðurstöðum hvort sem númerið er slegið inn með eða án bandstriks.*
- Textinn “Í útláni” virðist notaður um öll eintök sem ekki fá stöðuna “Aðgengilegt”. Virkar stundum ankannalega, t.d. ef eintakið tilheyrir safni sem lánar ekki út. – (LB) *Textanum “Í útláni” hefur nú verið breytt í “Í útláni / Óaðgengilegt”.*
- Bækur.is – (LB) *Bókakápur fyrir bækur.is birtast nú í leitargáttinni.*
- Smámyndir (íkon) í leitarniðurstöðum - (LB) *Birtar eru ólíkar smámyndir eftir Tegund heimildar [bók, hljóðbók, tímarit, handrit o.s.frv.] í leitarniðurstöðum.*
- Afmörkun við gagnasafn -

Gagnasafn

Gegnir (21.897)

Skemman (550)

Ljósmyndasafn

Reykjavíkur (443)


Timarit.is (186)

Bækur.is (13)

(LB) Eftir að leit hefur verið framkvæmd í leitargáttinni er hægt að afmarka leitarniðurstöður við gagnasöfnin (sjá mynd til vinstri)

- Frábært að sjá allt efni saman á útlánalistanum óháð safni. Væri þó gott að hafa upplýsingar um safnið í listanum í stað þess að þurfa að smella hvert eintak fyrir sig til þess að sjá hvaða safni það tilheyrir. - *(LB) Birt í dálki Safn.*
- Lengd láns í Staðsetning&Frátektir: *(LB) Bætt hefur verið við dálki Lánstími í glugga sem opnast þegar smellt er á flípa Staðsetning&Frátektir.*
- Of mikið af upplýsingum birt um eintök undir flípanum “Staðsetning og eintök” - *(LB) Á bak við heiti bókasafns undir Staðsetning er nú krækja. Með því að smella á krækjuna er hægt að sækja ítarupplýsingar um eintök. Þessar upplýsingar voru áður birtar um leið og safn var valið, en þetta þótti ruglingslegt.*
- "Aftur í niðurstöðulista" finnst mér ekki nógu áberandi, letrið er of smátt: *(LB) Letur á hnöppum “Aftur í niðurstöðulista”, “Fyrri” og “Næsta” sem notað er til flettingar hefur verið stækkað.*
- Aðgreining alnafna - *(LB) Útbúnaar hafa verið leiðbeiningar til að auðvelda aðgreiningu alnafna. Sjá skjalið [Aðgreina alnafna í leitarniðurstöðum](#) undir Leiðbeiningar og spurningar á beta.eggnir.is.*
- Hægt verði að nota safnkóðann í leitarstrenginn, t.d. BBAAA - *(LB) Nú er hægt að nota safnkóða í leitum.*
- Þau atriði sem flestar niðurstöður hafa birtast efst, en ekki í stafrófsröð eins og nú. - *(LB) Í afmörkun leitar (facets) er niðurstöðum nú raðað eftir fjölda.*
- Það mætti vera möguleiki á að velja ljósmyndir sem Tegund heimildar. – *(LB) Þegar er þegar hægt. Ljósmyndir eru birtar undir Tegund heimildar.*
- Afmörkun við rafrænt efni í Ítarleg leit - *(LB) Þetta er gert með því að setja Efnistegund sem Rafrænt efni í ítarleitinni.*
- Í hvaða gagnasöfnum er leit framkvæmd? – *(LB) Leitað er í skráðu efni í Gegni, Skemmunni, timarit.is, bækur.is og Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ekki er leitað í heildartexta. Sjá einnig [Um gagnasöfnin](#) á beta.eggnir.is.*
- Hvað er Tillögur um leit neðst á niðurstöðusíðu? - *(LB) Með þessum möguleika er hægt að beina leit úr Samþættri leitargátt yfir í aðrar leitarvélar s.s. Google scholar, Google books, REX hjá Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og*

timarit.is. Þetta getur komið að gagni ef leit í Samþættri leitargátt skilaði engri niðurstöðu.

- Ef smellt er á fullt nafn með ártali í fullri færslu fær maður engar leitarneiðurstöður - *(LB) Þessu hefur verið breytt þannig að hægt er að leita eftir fullu nafni með ártali í fullri færslu.*
- Ábyrgðaraðild (245 \$c) mætti koma fram í fullri færslu - *(LB) Búið að laga.*
- Svo virðist sem kerfið steypi saman í eitt upplýsingum úr 700 og 711 sviðum í Gegni. Þannig verður "Helga Björnsdóttir Þjóðarspegillinn (11 : 2010 :Reykjavík)" að einni runu í stað upplýsinga um annars vegar Helgu Björnsdóttur ritstjóra og hins vegar ráðstefnuna Þjóðarspegilinn: *(LB) Búið að laga.*
- Efnisorð í fullri færslu eru birt sem einn strengur: *(LB) Búið að lagfæra.*
- Verður hægt að skoða marc snið færslna í Primo? Ég átta mig á að það er ekki beint það sem notendur þurfa ... - *(LB) Nei, þetta verður ekki hægt. Gögn í Primo eru á XML formi (PNX) og ekki á marc sniði.*
- Stuðningur við heimildarskráningaforrit - *(LB) Sjá skjölun um hvernig flytja má færslur úr leitargáttinni yfir í heimildaskráningaforrit eins og EndNote, RefWorks og Zotero á slóðinni [Leiðbeiningar og spurningar](#) á beta.gegnir.is*
- Stuðningur við farsíma - *(LB) Útbúinn hefur verið farsímavefur fyrir Samþætta leitargátt. [Vefinn](#) er kallaður upp með því að smella myndina  á farsíðunni.*
- Vísa leit úr gegnir.is yfir í Samþætta leitargátt á beta.gegnir.is - *(LB) Þetta má gera með því að merkja við valmöguleikann "Leit í Samþættri leitargátt fyrir Ísland - NÝTT" undir leitarglugganum í gegnir.is og smella á hnappinn Leita.*